

**Fundargerð 22.feb. 2005**  
**3. fundur á árinu, 9. fundur FFGÍR skólárið 2004-2005**  
**Staður: Myllubakkaskóli**

**Mættir: Myllubakkaskóli:** Hrafnhildur **Holtaskóli:** Ásdís Ýr, Albert. **Njarðvíkurskóli:** Anna. **Heiðarskóli:** Víðir.

**Sóley formaður og Ingibjörg verkefnastjóri** sem ritar fundargerð.

**1. mál: Fundur Fræðsluráðs 21. feb. sl.**

Sóley greinir frá sl. fundi Sjá meðfylgjandi fundargerð.

-Vegna hugsanlegs útboðs á skólamáltíðum mun Fræðsluráð heimsækja Grindavík þar sem keyptur er matur annars staðar frá, og bjóða með sér einum aðila úr hverju foreldraráði skólanna. Foreldrar í foreldraráðum eru hvattir til að svara því kalli þegar að því kemur.

**2. mál: Staða mála hjá foreldrafélögum/ráðum.**

**Holtaskóli:** Komnir bekkjarfulltrúar í um 60% bekkja, 12 af 21. Stefnt á bekkjarfulltrúafund 8.mars nk. Handbók tilbúin nema vantar nöfn bekkjarfulltrúa og heimasíðumál í ólestri, en rætist líklega úr á næstu dögum. Námshópastarf 10.bekkinga í gangi.

**Myllubakkaskóli:** Komnir bekkjarfulltrúar í 12 af 20 bekkjum. Búið að halda fund, 14.feb. sl. Námshópar ekki í gangi, en stuðningstímar eru á vegum skólans, foreldrar hvattir til að hvetja börnin sín eindregið í að nota þá. Heimasíðumál í lamasessi enn.

**Njarðvíkurskóli:** Búið að halda bekkjarfulltrúafund 14.feb. sl. Nk. 7.mars verður haldinn sameiginlegur foreldrafundur 1.-5. stigs þar sem foreldrasamningur Heimilis og skóla verður kynntur fyrir foreldrum. Bekkjarfulltrúar halda utan um áframhaldandi umræður um hann innan síns bekkjar, stjórn foreldrafélags gengur á milli stofa og aðstoðar eftir þörfum.

**Heiðarskóli:** Búið er að kynna námshópastarf fyrir foreldrum 10.bekkinga, en ekki víst hvort komið sé af stað. Ekki búið að halda bekkjarfulltrúafund.

**Nellikukaup fyrir árshátíð:** Foreldrafélögin kaupa þær inn sameiginlega og Albert kannar málið hjá Blómaval og sækist eftir góðu tilboði. Var of dýrt í fyrra fyrir félögin.

**3. mál: Vinnuhópar-nemendasamningar/samstarf heimila og skóla**

Búið að fá tilnefningar úr skólum nema Holtaskóla, og vantar stjórnendur úr öllum skólum nema Njarðvíkurskóla. Laust enn í vinnuhóp um nemendasamninga, og Víðir býður sig fram. FFGÍR er þá tilbúið með tilnefningar. Víðir og Hrafnhildur í hóp um nemendasamninga, Albert, Ingibjörg og Sóley til vara í vinnuhóp um samstarf heimila og skóla.

Ingibjörg boðar alla tilnefnda og alla skólastjóra, á fund þann 2.mars í Holtaskóla kl. 14:30. Sóley stýrir fyrsta sameiginlega fundi, kynnir verkefnið og ákvarðanir teknar um framhaldið. Ákveðið að gera ráð fyrir að allir nefndarmenn, foreldrar jafnt sem kennarar, fái laun fyrir sína vinnu ef styrkur fæst. FFGÍR sækir um í Manngildissjóð að loknum fyrsta fundi 2.mars. nk.

**4. mál: Forvarnarmál:**

-Einar fjarstaddur, en skv. símtali við Ingibjörgu hafði hann ekki verið boðaður á fund í forvarnarteymi fram að þessu.

-Skv. Samtali Ingibjargar við Krissa hjá lögreglu, eru foreldrafélög hvött til halda samvinnuverkefninu á lofti og nota öll tækifæri þegar fundað er með foreldrum til að kynna þetta og safna nöfnum þátttakenda. Krissi er búinn að manna febrúar og mars, fer að huga að apríl og maí fljótlega. Búið að breyta vinnulagi, hann gefur foreldrafélögum upp ákveðna daga sem þarf að manna, og forsvarsmenn félaganna senda honum upplýsingar um þátttakendur á þeim dögum.

5. mál: **Fundur verkefnastjóra og formanns 17.feb. með Fjölskyldu og félagsþjónustunni:**

Ingibjörg og Sóley áttu 1 klst. Langan fund með Iðunni Ingólfsdóttur og Ásu Eyjólfsdóttur, félagsráðgjöfum hjá FFR:

- a. FFR ákvað að standa fyrir námskeiðinu Öflugt sjálfstraust fyrir foreldra allra 1.bekkinga fljótlega í samráði við Foreldrahús og Foreldrafélag Heiðarskóla. Eru í sambandi við Viktor með framkvæmd og búið er að festa námskeið niður kvöldin 7.og 10.mars.
- b. Mikill áhugi hjá FFR að halda áfram kynfræðslu til 9.og 10.bekkinga eins og var á síðasta ári í samstarfi við ÍTR. “Tölum saman.” FFGÍR stefnir á að gera það að reglubundnu verkefni annað hvert ár, fyrir 9.og 10.bekk og að því verði komið af stað nk. haust í skólunum.

6. mál: **Fræðslukvöld FFGÍR með foreldrum:**

- a. **Hvernig líður unglingum í Reykjanesbæ 17.feb. sl.**  
Almenn ánægja hvernig til tókst. Mættu um 40 manns og ágætar umræður. Hefði mátt draga unglingana sjálfa sem mættu meira inn í þær.

Spurning hvernig hægt er að koma því betur á framfæri að rannsóknir sýni það að foreldrastarf skilar sér ekki eingöngu til eigin barna, heldur hefur margfeldisáhrif og skilar sér til fleiri barna sem eiga minni stuðning heiman frá sér.

- b. **Netnotkun ungmenna**, hefur verið frestað til 7. apríl nk. vegna árshátíða í grunnskólum og páskafrís. Þáttakendur verða Hafþór í Fjörheimum, starfsmaður hjá SAFT verkefninu hjá Heimili og skóla, og Guðmundur Brói, tölvukennari í Njarðvík. Undirbúningur hefst í mars.

7. mál: **Önnur mál**

- a. **Ráðstefna um drengjamenningu:** Skráðir eru Ásdís Ýr, Víðir og Sóley. Enn tækifæri til að skrá sig.
- b. **Bekkjarkvöld í KHÍ 8.mars. Góður bekkjarbragur.**, *Hvernig geta foreldrar og umsjónarkennari stuðlað að góðum bekkjarbrag?*  
Vera dugleg að auglýsa þetta í kringum okkur, fjölmenna sjálft og hvetja alla, einkum bekkjarafulltrúa, til þátttöku. Sjá meðfylgjandi upplýsingablað frá KHÍ. Einnig verður auglýst á heimasíðu Heimilis og skóla þegar nær dregur. [www.heimilioskoli.is](http://www.heimilioskoli.is)
- c. **Matarkort:** Hrafnhildur bendir á að hún hefur komist að því, að ef fólk á 3 börn í grunnskóla, á það rétt á 20% afslætti á matarkortum gegn vottorði/yfirlýsingu frá skólanum þess efnis. Mjög illa kynnt og lítið þekkt meðal foreldra. Rétt að koma því betur á framfæri.

**Ekki meira gert og fundi slitið kl. 18:50**

**Næsti fundur þriðjudaginn 29. mars í Myllubakkaskóla kl. 17:15**